

STÍKLUR

um menningar- og landkynningarmál

WWW.STIKLUR.IS • 26. OKTÓBER 2006 • 3. ÁRG. • WWW.UTANRIKISRADUNEYTI.D.IS

Upplstrarferð Hallgríms Helgasonar, rithöfundar, um Þýskaland

Hallgrímur Helgason, rithöfundur, lauk nýverið vel heppnaðri upplstrarferð um Þýskaland. Hann gerði víðreist og las í Frankfurt, Hamborg, Stuttgart, Köln, Kiel, Göttingen og Felleshúsi, sameiginlegri menningarmiðstöð norrænu sendiráðanna í Berlín. Hallgrímur kynnti skáldsögu sína „Rokland“ sem nýverið kom út í þýskri þýðingu hjá bókaforlaginu Klett-Cotta, www.klett-cotta.de. Vel tókst til og voru upplstrarir fjölsóttir.



Hallgrímur Helgason, rithöfundur, ásamt Önnu Klode, upplesarar og starfsmönnum sendiráðsins í Berlín, Auði Eddu Jökulsdóttur og Soffíu Gunnarsdóttur

Ljóða- og kynningarkvöld í Washington, D.C.

Sendiráð Íslands í Washington, D.C. efndi í samvinnu við sjö önnur sendiráð til ljóðakvölds og kynningar þann 19. október í Þingbókasafni Bandaríkjana, Library of Congress. Helgi Ágústsson, sendiherra, flutti þar í enskri þýðingu tvö ljóð eftir Stephan G. Stephansson, „Útlagann“ og „Baslhagmennid“, sem hann flutti einnig á íslensku. Jafnframt var sýnd stutt kvikmynd um Ísland og dreift var upplýsingaefni og nýjum verðlaunadiski með ýmsu efni, s.s. um sjálfbæra nýtingu auðlinda, göngur og réttir, fiskveiðar og íslenska matargerð.

Sendiherrar Austurríkis, Bahrain, Kýpur, Liechtenstein, Lúxemborgar, Möltu og Slóveníu kynntu einnig lönd sín með svipuðum hætti. Kynningunni var stýrt af Dr. Billington, bókaverði þingsins, að viðstöddum viðskiptaráðherra Bandaríkjana, Carlos M. Gutierrez, og frú auk 300 annarra gesta.

Ráðstefna um Ísland í Paimpol í október 2006

Þann 21. október 2006 var haldin ráðstefna um Ísland samtímans í bænum Paimpol á Bretagneska en í þeim bæ hefur verið lögð einstök rækt við tengsl Frakka og Íslendinga og við minninguna um fiskveiðar Frakka við Ísland. Að ráðstefnunni stóðu bæjarstjórn Paimpol, bókasafn bæjarins og Grunda.pol, vinnubæjarsamtök Paimpol og Grundarfjarðar.

Á ráðstefnunni flutti sendiherra Íslands í Frakklandi, Tómas Ingi Olich, fyrirlestur um Ísland, landið og þjóðina, náttúruna, menninguna, efnahagsmálin o.fl. Régis Boyer, fv. prófessor í norrænum fræðum við Sorbonne-háskóla, fjallaði um íslenskar bókmenntir frá 1950 til dagsins í dag. Á eftir voru fyrirspurnir og umræður. Bæjarstjóri Paimpol flutti ávarp og kynnti fyrirlesara en stjórnandi ráðstefnunnar var Daniel Robin, framkvæmdastjóri safnsins. Fullt var út úr dyrum og munu á annað hundrað manns hafa sótt ráðstefnuna.

Í bókasafni Paimpol stendur nú yfir kynning á Íslandi og íslenskum bókum sem þýddar hafa verið á frönsku. Einnig stendur bókasafnið fyrir sýningum á nokkrum kvikmyndum, bæði íslenskum myndum og öðrum sem tengjast Íslandi.



Skilti er sýnir nafni götu í Paimpol sem tileinkuð er Grundarfirði

Að morgni sama dags var gata í Paimpol, sem helguð er frönskum sjómönnum sem stunduðu veiðar við Ísland frá miðri 19. öld, tileinkuð Grundarfirði við hátíðlega athöfn sem þjóðbúningar og sekkjapíuleikur settu svip á.